

Jafnréttis- og jafnlaunastefna Terra

Tilgangur jafnréttis- og jafnlaunastefnu Terra er að stuðla að jafnrétti og jöfn laun kynjanna í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020. Stefna fyrirtækisins er að allar launaákvæðanir séu byggðar á málefnalegum forsendum og tryggt sé að allt starfsfólk njóti jafnra launa og kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Stefnan nær til alls starfsfólks fyrirtækisins og er stjórnendum og starfsfólki gert að fylgja henni til að stuðla að auknu jafnrétti á vinnustaðnum og til að ná því markmiði að vera eftirsóttur vinnustaður fyrir alla, óháð kyni, kynferði, aldri, þjóðerni eða öðru.

Til grundvallar launaákvæðana liggja fyrir kjarasamningar, flokkun starfa og starfslýsingar. Laun taka mið af ýmsum þáttum til að mynda umfangi og eðli starfs, frammistöðu í starfi og starfsreynslu. Allar ákvæðanir stjórnenda um launabreytingar eru teknar í samráði við mannauðsstjóra.

Til að framfylgja stefnunni skuldbindur fyrirtækið sig til að skjalfesta, innleiða, viðhalda og bæta stöðugt stjórnun jafnlaunakerfis í samræmi við kröfur jafnlaunastaðals ÍST 85:2012.

Terra skuldbindur sig til að:

- Starfrækja jafnlaunakerfi sem byggir á jafnlaunastaðlinum, skjalfesta og viðhalda því í samræmi við kröfur staðalsins.
- Framkvæma launagreiningu einu sinni á ári þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og athugað hvort mælist munur á launum eftir kynjum.
- Kynna helstu niðurstöður fyrir starfsfólki fyrirtækisins.
- Bregðast við og vinna að umbótum ef stefnunni hefur ekki verið fylgt eftir.
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og öðrum kröfum sem í gildi eru á hverjum tíma.
- Kynna stefnuna fyrir starfsfólki fyrirtækisins og hafa hana aðgengilega á innri vef.
- Stefna þessi skal birt á vefsíðu fyrirtækisins.

Forstjóri fyrirtækisins ber ábyrgð á stefnunni og að jafnlaunakerfi sé framfylgt. Mannauðsstjóri Terra ber ábyrgð á innleiðingu og viðhaldi jafnlaunakerfisins í samræmi við staðalinn ÍST 85:2012.

Samþykkt af forstjóra Terra 20. mars, 2024.